

Nd.

533. Tillaga

I þingsályktunar um Þingvöll.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta rannsaka girðingastæði og girðingakostnað umhverfis svæðið frá Þingvallavatni milli Almannagjár og Hrafnagjár norður á mótis við Ármannsfell og Hrafnabjörg.
2. Að rannsaka, á hvern hátt heppilegast yrði fyrir komið að afnema búfjárrækt og ábúð á býlunum Hrauntúni, Skógarkotí og Þingvöllum ásamt Vatnskoti.
3. Að koma í veg fyrir, að einstakir menn eða fjelög reisi sumarbústaði eða nokkur önnur skýli á svæðinu, sem í 1. lið getur.
4. Að skipa umsjónarmann á Þingvöllum yfir sumarið, er gæti þar góðrar reglu.
5. Að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um friðun Alþingisstaðarins forna við Öxará, að meðtöldu umhverfi hans, er æskilegt þykir að friða.

Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, er stjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Enginn mun sá Íslendingur, sem kominn er til vits og ára, að hann hafi ekki heyrt Þingvallar að einhverju getið. Er það og síst að undra um jafnfrægan og söguríkan stað. Þar var Alþingi Íslendinga háð um langt skeið, sem kunn-

ugt er. Þangað sóttu margir gæfu og gengi. Þar var og þeim ákveðin refsing, er brotlegir gerðust við landslögin. Þær athafnir og þau ráð, er gerð voru á þessum stað, mörkuðu þjóðinni stefnu í málum hennar. Á Þingvöllum var mönnum sýnd hin mesta mannúð, en einnig þar voru mönnum skapaðir hinir hörðustu refsisdómar.

Þar komu saman bestu menn landsins. Þar gat að lita mestu glæsímenni forfeðra vorra. Þar mátti og heyra hina spökustu menn þjóðarinnar leggja mönnum ráð. Mun mörgum ungum manni hafa vaxið hugur til menningar og frama við það að heyra og sjá það, er þar fór fram. Mun síst ofmælt, að til þess staðar hafi hugur alþjóðar staðið, í hvert sinn er Alþingi var þar háð.

Ekki þarf að fjölyrða um það, hversu mikla helgi forfeður vorir höfðu á Þingvöllum. Það er alkunna. Hitt liggur oss nú nær að athuga, hvort vjer gættu skyldu vorrar við þennan helga stað.

Ekki er þess að dyljast, að margt er nú öðruvísi á Þingvöllum en vera ætti. Útlit staðarins er stórskemmt af manna völdum, og umgengni þar hin ömurlegasta. Mætti nú einhver vorra ágætustu forfeðra, er íslenskast hefir hjarta í brjósti borið, líta upp úr gróf sinni og skygnast um þennan reit, mundi honum renna til rifja tómlæti vort um þingstaðinn forna. Er líklegt, að honum mundi ríkara í huga, að hjer byggi nú framandi þjóð, heldur en að niðjum landnámsmannanna fornu væri svo illa í ætt skotið, sem raun er á.

Erlendir fræðimenn, er nokkuð þekkja til Íslands og íslenskra fræða, þekkja Þingvöll. Allir þeir útlendingar, er hingað koma í þeim erindum að fræðast um þetta land og þessa þjóð, fara til Þingvalla. Og þeir af þeim, sem þekkja sögu þessa staðar, bera hina mestu lotningu fyrir honum. Þess vegna er það sómi þjóðarinnar, að þessi staður beri ekki vott um ræktarleysi. Þennan stað ber okkur að vernda og prýða.

Fyrir nokkrum árum var bent á það, að sem fyrst bæri að friða Þingvöll, ekki að eins hina fornu þinghelgi, heldur líka landið umhverfis. Árlega gengur það úr sjer og spillist af óskynsamlegri meðferð. Jafnskjótt sem skógar-kjarrið hverfur, blæs jarðvegurinn upp og eftir verður gróðurlaust hraun.

Á býlunum, sem í 2. lið tillögunnar getur, er nú ekki hægt að framfleyta nema örlitlum hluta af þeirri tölu búpenings, er þar mátti hafa fyrir einni eða tveim öldum. Stafar það af því, að landið gengur úr sjer hröðum fetum, og er ekki annað að sjá en að býlin hverfi algerlega úr sögunni með tímanum, eins og fleiri býli á þessum slóðum á síðari öldum. Mestar horfur eru nú á því, að alt Þingvallaland milli Almagnagjár og Hrafnagjár, umhverfis fornhelga sögustaðinn, verði gróðurlaus eyðimörk, er stundir líða, ef ekki er þegar hafist handa að friða landið áður en gróðri þess er svo spilt, að hann megnar ekki að græða sig út af sjálfsdáðum.

Vænsta ráðið til að koma í veg fyrir upprætingu gróðrarins er að friða landið, og væri þá æskilegast, að alt svæðið milli Almagnagjár og Hrafnagjár, frá Þingvallavatni og norður á móts við Ármannsfell og Hrafnabjörg, væri friðað.

Eftir því, sem næst verður komist, er ummál þessa svæðið um 25500 stíkur. Af því er girt frá náttúrunnar hendi rúmar 17000 stíkur. Það, sem þyrfti þá að girða, er um 8000 stíkur af ummáli landsins.

Nokkrir timburhjallar hafa í seinni tíð verið reistir á Þingvöllum. Hafa þeir spilt mjög útliti og fegurð þingstaðarins. Verður fyr eða síðar að flytja þá í

burtu; ætti því að banna framvegis einstökum mönnum eða fjelögum að reisa nokkur hús innan þess svæðis, er friðað verður. Þau hús, sem reist verða innan girðingar, ætti ríkið að eiga. Verður vart til lengdar komist hjá því, að ríkið reisi veglegt gistihús á þessum stað. Raddir eru farnar að heyrast enn á ný um það, að æskilegt væri, að árið 1930 væri komið veglegt alþingishús á Þingvöllum og Alþingi yrði þá og síðan háð þar.

Frá búöndum Þingvallasveitar og Þingvallanefndinni hafa komið áskoranir til stjórnarráðsins um, að það skipaði umsjónarmann á Þingvöllum að sumrinu meðan umferð er þar mikil, er gætti þar góðrar reglu. Þessari ósk hefir þó ekki verið sint, eflaust fyrir þá sök, að stjórnin hefir álitid sig skorta heimild til þess. Íbúum Þingvallasveitar er hið mesta áhugamál, að betra skipulag komist á alla umgengni á Þingvöllum. Telja þeir, að nokkur undanfarin ár hafi umgengni margra manna þar verið þjóðinni til minkunar.

Árið 1930 eru 1000 ár frá því að Alþingi var stofnað á Þingvöllum. Fer ekki hjá því, að þá verði minst á ýmislegt úr sögu þessa lands og þjóðar, sem tengt er við þennan stað.

Tími er því kominn til, að menn fari að hyggja að, hvort þingstaðurinn forni eigi þá að lita út eins og nú gerir hann, eða hvort ekki beri miklu fremur, að hann verði orðinn friðhelgur reitur, þjóðinni til gagns og sóma.